

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 28. janúar 2026:

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástand Höfða (Héðinshöfða) við Borgartún

Óskað er eftir greinargerð um ástand Höfða (Héðinshöfða) við Borgartún með lista yfir þau atriði, sem þurfa viðgerðar eða endurnýjunar við. Meðal annars komi fram upplýsingar um rakaskemmdir í húsinu, hvort drenlögn sé fyrir hendi og hvernig æskilegast sé að takast á við þetta vandamál. Einnig hvort þörf sé á að skipta um glugga og hvort unnt sé að setja tvöfalt gler í þá. Þá komi fram upplýsingar um hvort og að hve miklu leyti asbest sé í veggklæðningu og hvort aðkallandi sé að fjarlægja það. Jafnframt verði fjallað um stöðu aðgengismála og brunavarna í húsinu.